



## Hreppsnefnd 14.02.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 14. febr. 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 14. febr. 2002 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar, síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 24. jan. sl. Samþykkt samhljóða

2. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps, Hafnarsjóðs, og Félagslegra íbúða fyrir árið 2002. – Síðari umræða -

Lagðar fram breytingatillögur við fyrirliggjandi frumvarp að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps. Sveitarstjóri skýrði fyrirliggjandi breytingatillögur og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Félagslegar íbúðir. Engar breytingar eru frá fyrri umræðu. Hafnarsjóður. Engar breytingar eru frá fyrri umræðu. Síðan var gengið til atkvæða um fyrirliggjandi fjárhagsáætlanir.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða fyrirliggjandi áætlanir með áorðnum breytingum.

Ennfremur var samþykkt samhljóða að hækka gjaldskrá leikskóla Vopnafjarðar um 10 % frá 1. mars nk., en leikskólagjöld á Vopnafirði eru þau lægstu á landinu og verða það þrátt fyrir hækkun.

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun hreppsins kemur fram að skatttekjur sveitarfélagsins eru alls 188.917 þús. kr., auk þess eru rekstrartekjur 87.079 þús. kr., vextir af skatttekjum og langtímakröfum eru 3.411 þús. kr. Framlög til fjárfestinga og seldar eignir eru 18.500 þús. kr. og nýjar lántökur eru 24.000 þús. kr. Heildar ráðstöfunar tekjur sveitarfélagsins eru því áætlaðar 321.907 þús. kr.

Tekjunum er ráðstafað þannig að 237.580 þús. kr. ganga til reksturs hinna mismunandi rekstrareininga sveitarfélagsins. Til afborgana langtímalána, vaxta af skammtíma -og langtíma skuldum ganga 42.540 þús.kr., þar af eru 26.500 þús kr. vegna afborgana og 13.520 vegna vaxta. Til gjaldfærðrar og eignfærðrar fjárfestingar ganga 41.000 þús.kr. Heildarútgjöld eru því samkvæmt þessu 321.120 þús. kr. Mismunurinn 787 þús. kr. gengur til hækkunar á hreinu veltufé.

Rekstrargjöld Vopnafjarðarhrepps, nettó, eru um 79,7 % af skatttekjum eða alls 150.501 þús. kr. og rennur lang stærstur hluti þeirra til fræðslu -og uppeldismála eða um 50 %.

Þrátt fyrir að margt eigi að gera er ráðgert að greiða heldur meira niður af lánum en nemur nýjum lántökum.

Helstu verkefni sem ráðist verður í á árinu eru áframhaldandi vinna við útrásakerfi bæjarins, endurbygging Kaupvangs, vinna við aðalskipulag sveitarfélagsins, jarðhitaleit, lagfæring sorpurðunarsvæðis, ásamt áframhaldandi vinnu við nýbyggingu gangstétta og fleiri smærri verkefni. Þá er og samþykkt að byggja við íþróttahúsið aðstöðu fyrir tækjaleikfimi og erobik og er fyrirhugað að ljúka þeirri framkvæmd á árinu.

Í áætlun hafnarsjóðs er og ráðgert að ljúka við dýpkun innsiglingar og leggja raflagnir og steypa þeku á nýja viðlegu hafnarinnar. Ennfremur er við það miðað að vinnu við umhverfismat á brimvarnargarði milli Miðhólma og Skiphólma verði lokið á árinu og er vonast til að framkvæmdir við hann geti farið fram árið 2003.

Kostnaður við þessar framkvæmdir á árinu 2002 er áætlaður 92.689 þús. kr.

3. mál. Skógræktarfélag Íslands, samstarfsamningur o.fl. Lögð fram til kynningar kort af svæðum sem fyrirhugað er að semja um. Kortin eru unnin af Einari Gunnarssyni hjá Skógræktarfélagi Íslands. Ennfremur lagt fram béf sveitarstjóra til Skógræktarinnar frá 11. feb. sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirhuguðum samningi og hvaða svæði fyrirhugað væri að semja um. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi við Skógræktarfélag Íslands og Landbót Vopnafirði í samræmi við framlögð gögn.

4. mál. Jarðhitaleit, drög að verksamningi. Samþykkt að fela sveitarstjóra að gera samning við Jarðfræðistofuna Stapa ehf. um jarðhitaleit en fyrirhugað er að bora nokkrar hitastigulsholur til viðbótar í Selárdal til þess að staðsetja um 500 m djúpa tilraunavinnsluholu.

5. mál. Orlofshúsabyggð. Skipulag Þorbrandsstöðum, ósk um staðfestingu Skipulagsstofnunar á gildistöku skipulagsins skv. 25. gr. skipulagslaga.

Tillagan hefur verið auglýst á löglegan hátt og ennfremur verið til sýnis á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, Vopnafirði frá þeim tíma.

Engar athugasemdir bárust um skipulagstillöguna, en lokafrestur til þess að skila inn athugasemdum var til 8. september sl. Í auglýsingunni kom fram að hver sá er eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykktur henni.

Um er að ræða 211,1 hektara lands. Á svæðinu eru þrjú svæði undir orlofshúsabyggð. Ennfremur eru skipulagðar 28 sumarhúsalóðir neðst í Þorbrandsstaðahálsinum, sem hver um sig er um það bil 1,25 ha. að stærð. Jafnframt eru skipulögð leiksvæði, svæði fyrir ferðaþjónustu, umsjón og afþreyingu, skógrækt og svæði sem verða óhreyfð.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu, sem unnin er að Birni Kristleifssyni, arkitekt og felur sveitarstjóra að undirrita hana.

6. mál. Drög að samningi við fyrirtækið Teikn á lofti ehf., um hönnunar og ráðgjafarvinnu, við gerð aðalskipulags fyrir Vopnafjarðarhrepp árin 2002-2022, með uppdráttum af þéttbýli og dreifbýli, ásamt greinargerðum í samræmi við skipulagsreglugerð. Sveitarstjóri gerði grein fyrir mikilvægi þess að gengið yrði til samninga um vinnu þessa. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við fyrirtækið.

7. mál. Hunda-og kattahald, samþykktir. Rætt um hvort heimila eigi einstaklingum í þéttbýli Vopnafjarðar hundahald með ákveðnum skilyrðum. Lögð fram sýnishorn af samþykktum um hunda og kattahald. Samþykkt að sveitarstjóri vinni drög að samþykkt um hundahald fyrir Vopnafjarðarhrepp drögin verði síðan lögð fyrir hreppsnefnd til samþykktar.

8. mál. Tilnefning fulltrúa Vopnafjarðarhrepps í vinnuhópa um áframhaldandi viðræður um mótun á nýju sveitarfélagi á Norðursvæði Austurlands, sbr. 9. tl. fundargerðar hreppsnefndar frá 24. jan. sl. Sveitarstjóri lagði til að fulltrúar Vopnafjarðarhrepps í vinnuhópnum verði Aðalbjörn Björnsson og Þorsteinn Steinsson og til vara Emil Sigurjónsson. Hreppsnefnd samþykkti fram komna tillögu.

9. mál. Samgönguáætlun, umsögn ofl. Gerð var grein fyrir meginatriðum Samgönguáætlunar og frumvarpi til laga um samgönguáætlun. Jafnframt lagt fram bréf sveitarstjóra dags. 7. feb. sl. til Hafnarsambands sveitarfélaga varðandi frumvarp til hafnarlaga. Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna umsögn um fyrirbyggjandi samgönguáætlun.

Fleira ekki gert og fundi slitið